


Ársreikningur Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2018.


Ársreikningur Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2018 lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 6. mars 2019 samþykktur og áritaður af bæjarráði og bæjarstjóra. Samkvæmt sveitarstjórnalögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og er áætlað að síðari umræða fari fram miðvikudaginn 20. mars 2019.

Helstu niðurstöður.

- Rekstrarafkoma Fljótsdalshéraðs árið 2018 var jákvæð um 209 millj. kr. samkvæmt samstæðureikningi sveitarfélagsins en fjárhagsáætlun 2018 með viðaukum gerði ráð fyrir 222 millj. kr. rekstrarafgangi. Rekstrarafkoma A hluta var jákvæð um 131 millj. kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 134 millj. kr. rekstrarafgangi.
- **Skuldaviðmið skv. samstæðureikningi Fljótsdalshéraðs er í árslok 2018 142% eða 8% undir þeim viðmiðum sem sett eru samkvæmt sveitarstjórnarlögum.**
- Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA) í samstæðureikning Fljótsdalshéraðs var jákvæð um 955 millj. kr. á árinu 2018 eða um 21% í hlutfalli af rekstartekjum.
- Í A hluta nam EBITDA 660 millj. kr. á árinu 2018 eða um 16% í hlutfalli af rekstartekjum.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 448 millj. kr. í samstæðu A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 375 millj. kr. Hrein fjármagnsgjöld A hluta námu 359 millj. kr. en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir 275 millj. kr.
- Veltufé frá rekstri nam 755 millj. kr. á árinu 2018 í samstæðu A- og B hluta eða 17% í hlutfalli af rekstartekjum. Veltufé frá rekstri í A hluta nam 518 millj. kr. eða 11% í hlutfalli af rekstartekjum.
- Eigið fé var jákvætt í árslok 2018 um 998 millj. kr. í samstæðu A- og B hluta að teknu tilliti til hlutdeildar minnihluta. Eigið fé A hluta var jákvætt um 704 millj. kr. í árslok 2018.
- Skuldir og skuldbindingar samstæðu A- og B hluta námu í árslok 2018 um 8.146 millj. kr. og hækka um 2 millj. kr. frá árinu 2017. Skuldaviðmið skv. reglugerð um fjárhagsleg viðmið fyrir samstæðureikning A og B hluta er 142% í árslok 2018 en skal skv. sveitarstjórnarlögum vera 150%.



- Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B-hluta í reikningsskilum sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga skulu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum (jafnvægisreglan). Samkvæmt ársreikningi 2018 nema rekstartekjur árána 2016-2018 um 666 millj. kr. umfram rekstargjöld.
- Skuldir og skuldbindingar í A hluta nema 5.024 millj. kr. í árslok 2018 og hækkuðu um 43 millj. kr. frá árinu 2017. Skuldaviðmið A hluta er 107% í árslok 2018.
-



- Rekstartekjur sveitarfélagsins námu 4.491 millj. kr. á árinu 2018 sem er 214 millj. kr. hærra en árið 2017 eða 5% hækkun tekna á milli ára. Þar af námu útsvarstekjur og fasteignaskattar 2.193 millj. kr. sem er 136 millj. hækkun á milli ára eða 6,6%. Greiðslur úr Jöfnunarsjóði námu 1.335 millj. kr. með framlagi vegna málefna fatlaðra sem er 70 millj. kr. hækkun á milli ára eða 5,5%. Aðrar rekstartekjur námu 963 millj. kr. og nemur hækkun á milli ára 8 millj. kr. eða 1%.
- Launakostnaður sveitarfélagsins nam 2.331 millj. kr. sem er um 112 millj. kr. hækkun frá árinu 2017 og nemur hlutfallsleg hækkun um 5%. Þar af hækkaði útreiknuð lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins um 35 millj. kr. frá fyrra ári. Launakostnaður á árinu 2018 var 41 millj. kr. hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir sem þýðir hækkun umfram áætlun um tæpt 1,8%. Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindingar LSR var 27 millj. kr. undir áætlun.
- Annar rekstarkostnaður án afskrifta og fjármagnsliða nam 1.204 millj. kr. á árinu 2018 sem er lækkun um 15 millj. kr. frá árinu 2017 eða 0,1% lækkun á milli ára.
- Hrein fjármagnsgjöld A hluta námu 359 millj. kr. samanborið við 261 millj. kr. á árinu 2017.
- Fræðslumál eru langstærsti málaflokkurinn en til hans runnu 1.927 millj. nettó á árinu 2018 eða 53,5% af skatttekjum sem er hækkun um 163 millj. kr. frá árinu áður. Til félagsþjónustu var veitt 534 millj. kr. og eru þar meðtalin málefni fatlaðs fólks sem sveitarfélagið hefur sinnt frá og með árinu 2011. Hækkun á milli ára nemur 22 millj. kr. Íþrótt- og æskulýðsmál eru þriðja stærsta verkefni sveitarfélagsins en til þeirra mála var varið um 310 millj. kr. Hækkun á milli ára nemur 26 millj. kr.
- Áætlanir sveitarfélagsins fyrir tímabilið 2019-2022 gera svo ráð fyrir að framlegðarhlutfall í rekstri sveitarfélagsins haldist miðað við rauntölur 2018 og á árinu 2019 verði veltufé frá rekstri jákvætt um 668 millj. kr. á meðan næsta árs afborganir af skuldbindingum nema 520 millj. kr. skv. ársreikningi 2018. Framlegð og veltufjármyndun Fljótshálsbæjar stendur ríflega undir greiðslubyrði lána og er það mikilvægt markmið sveitarfélagsins að sú þróun haldist í langtímaáætlunum sveitarfélagsins.
- Fjárfestingar samkvæmt samstæðureikningi Fljótshálsbæjar námu 275 millj. kr. á árinu 2018.
 - Fjárfestingar Eignasjóðs námu nettó um 169 millj. kr. Þar er helst að 61 millj. var varið til fjármögnunar á nýju fimleikahúsi við Íþróttamiðstöðina á Egilsstöðum, 38 millj. varið til innlausnar á húsnæði Reiðhallarinnar á Iðavöllum úr Fasteignafélagi Iðavalla sem er innan samstæðu í B hluta. Farið var í viðbyggingu á húsnæði tjaldsvæðisins að Kaupvangi 17 sem bætir verulega aðstöðu fyrir salerni og baðaðstöðu. Fjárfestingar vegna leiktækja námu 11 millj. kr. og 9,6 millj. kr. var varið til kaupa á lyftara og bílum fyrir áhaldahús. Fjárfestingar vegna gatna og gangstíga nam 30 millj. kr. en á móti komu gatnagerðartekjur að fjárhæð 14,5 millj. kr. Breytingar á bæjarskrifstofu kostuðum 3,7 millj. kr., og nýframkvæmdir við leikskólann á Skógarlandi námu 3 millj. kr. og eins námu nýframkvæmdir við Fellaskóla um 2 millj. kr. Aðrar smærri framkvæmdir námu 4 millj. kr.
 - Í B hluta námu fjárfestingar Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. um 120 millj. kr. Fjárfesting Félagslegra íbúða nam 18 millj. kr. sem eru endurbætur á Heimatúni 1.

Fjárfestingar Brunavarna á Héraði námu 2,2 millj. kr. og nýframkvæmdir Ársala námu 1,6 millj. kr.

Fjárhagsáætlun 2019 - 2022:

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti fjárhagsáætlun fyrir 2019 til 2022 fyrir sveitarfélagið á fundi sínum þann 21. nóvember 2018. Þar er gert ráð fyrir jákvæðum rekstrarafgangi öll árin.

Fljótsdalshérað samþykkti á árinu 2012 aðlögunaráætlun í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 502/2012, þar sem sett var fram áætlun um hvernig sveitarfélagið muni ná þeim skuldaviðmiðum sem sveitarstjórnarlög og umrædd reglugerð kveða á um. Samkvæmt þeirri áætlun ásamt síðari breytingum hefur sveitarfélagið þegar uppfyllt þau skilyrði.

Áframhaldandi afkomubati á yfirstandandi ári mun leggja grunn að bættri afkomu árin 2020, 2021 og 2022. Þannig verður greiðsluhæfi sveitarfélagsins tryggt til framtíðar gagnvart þeim skuldbindingum sem á því hvíla, auk þess verður kleift að ráðast í þær fjárfestingar sem gera æskilega framtíðarþróun samfélagsins mögulega.

Með hliðsjón af þeim árangri sem þegar hefur náðst í rekstri sveitarfélagsins, og lesa má m.a. úr ársreikningi síðasta árs, er full ástæða til að ætla að settum markmiðum verði náð.

Að öðru leiti er vísað til ársreiknings 2018 sem verður birtur á heimasíðu sveitarfélagsins og samþykkrar fjárhagsáætlunar 2019-2022 sem bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs hefur samþykkt.

Egilsstöðum 6. mars 2019.

Björn Ingimarsson, bæjarstjóri

Guðlaugur Sæbjörnsson, fjármálastjóri